

167. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 27. nóvember 2015 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Óttar Bragi Þránínsson nýtti fjarfundarbúnað á fundinum þar sem þær aðstæður sköpuðust að hann gat ekki mætt til fundar og varamaður komst ekki í hans stað. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 45. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.2. Minnisblað vegna fundar vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Bláskógabyggðar, dags. 18. nóvember 2015.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.3. 8. fundur NOS ásamt samkomulagi um tilraunaverkefni og jafnréttisáætlun.
Dagskrárliðir 2 og 4 þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar.
2. dagskrárliður er fjárhagsáætlun 2016. Skv. bókun þá staðfestir stjórn NOS fjárhagsáætlun 2016. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun og vísar þeim til úrvinnslu fjárhagsáætlunar Bláskógabyggðar 2016.
4. dagskrárliður er kynning á fyrirhuguðu samstarfi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings og Vinnumálastofnunar. Forsendur samkomulags milli aðila, sem tilraunaverkefni í eitt ár, var lagt fram með fundargerð. Tilgangur verkefnisins er að virkja atvinnuleitendur sem eru á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi án atvinnuleysisbótarréttar. Aðildarsveitarfélög Árneshings munu bjóða allt að 5 starfsþjálfunarpláss.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að Bláskógabyggð taki þátt í verkefninu.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 243. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.2. 244. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.3. Fundargerð aðalfundar SASS 2015 ásmat ályktunum.

3. Þingmál til umsagnar:

- 3.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 18. nóvember 2015; tillaga til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára (þingmál 338).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis og tillaga að þingsályktun um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við framlagða tillögu til þingsályktunar.
- 3.2. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 16. nóvember 2015; frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (þingmál 263). Meðfylgjandi er umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. nóvember 2015.
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis og frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Einnig lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirliggjandi frumvarp. Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og leggur áherslu á að það verði samþykkt óbreytt sem lög frá Alþingi nú á haustþingi.

4. Umsóknir um byggingarlóðir í Bláskógabyggð.

Lagðar fram umsóknir um byggingarlóðir í Bláskógabyggð:

Lóðin „Lindarbraut 3“, Laugarvatni; umsækjandi Róbert Aron Pálmason kt. 160283-3009. Þar sem þetta er eina umsóknin um umrædda lóð þá samþykkir byggðaráð Bláskógabyggðar samhljóða að lóðinni verði úthlutað til umsækjanda skv. gildandi reglum Bláskógabyggðar.

Lóðin „Miðholt 14-16“, Reykholti; umsækjandi Geysir ehf kt. 520309-0470. Þar sem þetta er eina umsóknin um umrædda lóð þá samþykkir byggðaráð Bláskógabyggðar samhljóða að lóðinni verði úthlutað til umsækjanda skv. gildandi reglum Bláskógabyggðar.

Lóðin „Miðholt 33“, Reykholti; umsækjandi Geysir ehf kt. 520309-0470. Þar sem þetta er eina umsóknin um umrædda lóð þá samþykkir byggðaráð Bláskógabyggðar samhljóða að lóðinni verði úthlutað til umsækjanda skv. gildandi reglum Bláskógabyggðar.

Lóðin „Miðholt 35“, Reykholti; umsækjandi Geysir ehf kt. 520309-0470. Þar sem þetta er eina umsóknin um umrædda lóð þá samþykkir byggðaráð Bláskógabyggðar samhljóða að lóðinni verði úthlutað til umsækjanda skv. gildandi reglum Bláskógabyggðar.

5. Innsend bréf og erindi:


- 5.1. Bréf Landgræðslu ríkisins, dags. 17. nóvember 2015; beiðni um styrk vegna „Bændur græða landið“ á árinu 2015.
Lagt fram bréf Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir fjárstyrk kr. 100.000 vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ og annarra verkefna á árinu 2015. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk, enda er gert ráð fyrir honum innan fjárhagsáætlunar 2015.
- 5.2. Tölvuskeyti N4, dags. 18. nóvember 2015; Jólakveðjur á N4.
Lagt fram tölvuskeyti N4 þar sem Bláskógabyggð er boðið að vera með jóla- og áramótakveðju í N4 Sjónum.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að hafna erindinu.

6. Efni til kynningar:


- 6.1. Mótun eigendastefnu fyrir þjóðlendur; samantekt eftir samráðsfundi með hagsmunaaðilum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.


Valgerður Sævarsdóttir


Helgi Kjartansson

Óttar Bragi Þráinsson


Valtýr Valtýsson